

Samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Miðvikudaginn 24. nóvember 2021 var haldinn fyrsti fundur samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15:00. Fundinn sátu: Vésteinn Valgarðsson fyrir DÍA Mat, Karim Askari fyrir stofnun Múslima á Íslandi, Gunnar Vilhelmsson fyrir Bahá'í samfélagið, Ástvaldur Zenki Traustason fyrir Zen búddista á Íslandi, Sigurður Rúnarsson fyrir Siðmennt, Bjarni Randver Sigurvinsson fyrir Þjóðkirkjuna og Fjölskyldusamtök heimsfriðar og sameiningar, Pétur Þorsteinsson fyrir Óháða söfnuðinn, Leslie Andrés Bocanegra fyrir Alþjóðlega kirkju guðs og embætti Jesú Krists, Ingvi Kristinn Skjaldarson fyrir Hjalpræðisherinn, Kristbjörg Kristmundsdóttir fyrir Ashutosh jóga á Íslandi, Eygló Jónsdóttir fyrir Búddistasamtökin SGI á Íslandi og Salika Pitplern fyrir Búddistafélag Íslands. Fundinn sátu einnig Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri Reykjavíkur og Guðrún Elsa Tryggvadóttir frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Guðrún Elsa var fundarritari.

Þetta gerðist:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, Formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, opnaði fundinn og bauð þátttakendur velkomna.

Anna Kristinsdóttir kynnti tilgang samráðsvettvangsins. Hér mun skapast farvegur fyrir samskipti milli Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Boðleiðir innan borgarkerfisins eru oft flóknar en á þessum vettvangi munu þátttakendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þegar við á munu starfsmenn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu koma ábendingum áfram til viðeigandi sviða, ráða og nefnda innan borgarinnar. Markmiðið er að eiga samtal og auka lýðræðisþátttöku.

Þátttakendur kynntu sig og starfsemi sinna félaga. Fram kom að nokkur trú- og lífsskoðunarfélög hafa leitað til borgarinnar vegna erfiðleika við að útvega lóðir fyrir starfsemi sína. Reykjavíkurborg á ekki til ráðstöfunar afmarkaðar lóðir fyrir kirkjur eða samkomuhús trú- og lífsskoðunarfélaga sem unnt er að sækja um að nota. Almennt eru lausar lóðir Reykjavíkurborgar fyrir atvinnustarfsemi auglýstar með opinberri auglýsingu í blöðum og/eða öðrum fjölmiðlum eða samfélagsmiðlum og geta trú- og lífsskoðunarfélög boðið í þær lóðir sem eru til sölu hverju sinni. Reykjavíkurborg hefur jafnframt ekki til umráða leiguhúsnaði undir starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga.

Siðmennt hefur kallað eftir sameiginlegum rýmum fyrir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga. Fossvogskapella hefur reynst nokkuð vel en það vantar hlutlaust rými. Á Norðurlöndunum má víða finna athafnarrými fyrir starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga sem hentar vel fjölbreyttri flóru trú- og lífsskoðana. Siðmennt mun undirbúa skriflegt erindi fyrir hönd samráðsvettvangsins sem hægt verður að leggja fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

Nokkrir tóku fram að samráðsvettvangurinn þurfi að ræða trú- og lífsskoðanir í tengslum við skólastarf barna. Eitthvað er um að börnum sé mismunað vegna trúar í grunnskólum borgarinnar, t.d. hvað varðar fermingar. Skólastjórar hafa gefið leyfi fyrir því að leggja niður skólastarf vegna fermingarfræðslu eða ferða á vegum Þjóðkirkjunnar sem er óheppilegt fyrir þá sem eftir sitja. Eins eru prestar þjóðkirkjunnar sjálfkrafa kallaðir til vegna áfallavinnu í skólum. Fulltrúi skólasamfélagsins verður fenginn til að koma inn á næsta fund og fara yfir þessi mál.

Ákveðið var að funda snemma á nýju ári. Þátttakendur voru hvattir til að hafa samband við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vilji þeir taka upp erindi á fundum eða hafi þeir ábendingar um skipulag funda.

Fundi slitið kl. 16.10.

This happened:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, Chairperson for the Human Rights, Innovations and Democracy Committee of Reykjavík, opened the meeting and welcomed the participants.

Anna Kristinsdóttir, Director of Reykjavík Human Rights and Democracy Office, described the purpose of the consultation venue. The venue will create a way for communication between the City of Reykjavík and religious and philosophical organisations in the capital area. Communication channels within the city are often complex, but in this forum participants will have the opportunity to express their views. When possible staff from the Human Rights and Democracy Office will forward their suggestions to relevant departments, councils and committees within the city. The aim of this venue is to start a dialog and increase democratic participation.

Participants introduced themselves and their organisation.

Several participants mentioned having approached the city due to difficulties in providing housing for their activities. The City of Reykjavík does not have designated plots for churches or community centres. In general, vacant plots belonging to the City and intended for economic activity are advertised in a public advertisement in newspapers or in other media so that any organisation can bid on them. Furthermore, the City of Reykjavík does not have rental housing at its disposal for the activities of religious and philosophical organisations.

Siðmennt has called for a common space which may be used or rented by religious and philosophical organisations. Fossvogskapella has proven useful, but is not a completely neutral space. In some of the Nordic countries such spaces have been provided. Siðmennt will prepare a letter on behalf of the participants of the consultation venue, which if approved will be submitted to the Human Rights, Innovation and Democracy Council.

Several participants requested that the group discuss religious and life views in relation to primary schools in the City. Children in the city's primary schools are being discriminated against based on their religious or life views. Principals regularly agree to cancel school due to trips or preparation for confirmations organized by the National Church. This is unfortunate for children who belong to other organisations. Similarly, pastors of the National Church are automatically called in for trauma work in schools. A representative of the school community will be invited to come to the next meeting and discuss these issues.

The group decided to meet early in the new year. Participants were encouraged to contact the Human Rights and Democracy Office if they wish to discuss a particular issue during the next meeting or if they have suggestions on how to organize meetings.

Meeting ended at 16:10.